



## FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Próftími: 90 mínútur

PRÓFGREIN : ÍSLENSKA 3036 Dags. 1  
 KENNARI : ( D.L. 9.00 – 10.30

NAFN : .....

Kennitala : .....

### Hjálpargögn og leiðbeiningar:



Prófið er á 11 síðum auk forsíðu, athugaðu hvort þú sért með þær allar.

- ❖ Mundu að vanda frágang og hafa í heiðri íslenskar stafsetningar- og málfarsreglur svo að hver setning komi þekkingu þinni til skila.
- ❖ Mundu að rökstyðja svörin og hafa þau skýr.
- ❖ Lestu vandlega yfir allar spurningar áður en þú hefst handa við að svara.
- ❖ Notaðu baksíðurnar ef línufjöldi er ekki nægilegur.
- ❖ Vægi spurninga er mismikið og nýttu tíma þinn í samræmi við það.
- ❖ Athugaðu að það er valspurning í seinni hluta prófsins.

## Farðu vel eftir leiðbeiningum!

Gangi þér vel og takk fyrir önnina.  
 Gleðilegt sumar!



FRAMHALDSSKÓLINN Í  
 VESTMANNAEYJUM

# I. Bókmenntasaga

## A. Krossaspurningar

16 %
------

### 1. Hvað merkir þetta orðtak úr Njálu?:

„[...] fjórðungi bregði til fósturs.“

- Fjórði ungi fer í fóstur
- Einn fjórði unga fer í fóstureyðingu
- Einn fjórða er hægt rekja til uppeldis og lærdóms, hitt er meðfætt
- Fjórði hver sonur á að fá fóstra

### 2. Hver sagði þessi orð í Njálu?:

„Pá förum við bónleiðir til búðar.“

- Gunnar frá Hlíðarenda
- Njáll Þorgeirsson
- Höskuldur Hvítanessgoði
- Skarphéðinn Njálsson

### 3. Hvað merkja þessi orð sem spurt er um í spurningu númer 2?

- Að fara í búð og kaupa bón
- Að skoða sig um og fara síðan heim
- Að hafa farið erindisleysu
- Að vera leiður og biðja til guðs um meiri hamingju

### 4. Hvernig verk er Heimskringla?

- Íslendingasaga
- Eddukvæði
- Konungasögur
- Landfræði

### 5. Hvenær er talið að Njála hafi verið skrifuð?

- Á seinni hluta elleftu aldar (1050 - 1100)
- Á seinni hluta tólftu aldar (1150 - 1200)
- Á seinni hluta þrettándu aldar (1250 - 1300)
- Á seinni hluta fjórtándu aldar (1350 - 1400)

### 6. Dróttkvæði?

- Eru kvæði eftir völvu
- Eru kvæði eftir skáld í þjónustu konungs
- Eru kvæði eins og eddukvæði
- Eru kvæði eftir Snorra Sturluson

### 7. Hver var mesti harmur Óðins í Völuspá?

- Dauði Heimdallar
- Dauði Gullveigar
- Dauði Óðins
- Dauði Baldurs

### 8. Í hvaða íslenska miðaldabókmenntaverki birtust þessi orð:

„En orðstír deyr aldrei þeim er sér góðan getur“

- Völuspá
- Brennu-Njáls sögu
- Heimskringlu
- Hávamál

## B. Tengisurningar

20%

Tengdu saman viðeigandi atriði (settu viðeigandi tölustaf á línuna):

- |     |                        |       |                          |
|-----|------------------------|-------|--------------------------|
| 1.  | Snorri Sturluson       | _____ | 113 kálfar               |
| 2.  | Gunnar frá Hlíðarenda  | _____ | Hákonarsaga Hákonarsonar |
| 3.  | Codex Regius           | _____ | Íslendingabók            |
| 4.  | Ari fróði              | _____ | Hávamál                  |
| 5.  | Skarphéðinn Njálsson   | _____ | Gylfaginning             |
| 6.  | Flateyjarbók           | _____ | Konungsbók               |
| 7.  | Sturla Þórðarson       | _____ | fimmtardómur             |
| 8.  | Lögbók                 | _____ | Rimmugýgi                |
| 9.  | Höskuldur hvítanesgoði | _____ | Kaupá-Héðinn             |
| 10. | Ljóðaháttur            | _____ | Grágás                   |

## C. Verkefni

1. Hver var Snorri Sturluson, hvaða verk skrifaði hann (nefndu tvö),

6%

segðu frá þeim, segðu frá ævi hans og hvenær hann var uppi?

---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---

## II. Eddukvæði

Fyllist fjörvi  
feigra manna,  
rýður ragna sjöt  
rauðum dreyra.  
Svört verða sólskin  
um sumur eftir,  
veður öll válynd.  
Vituð ér enn eða hvað?

4 %

1. Útskýrðu undirstrikuðu orðin!

---

---

---

---

4 %

2. Endursegðu erindið með þínum orðum:

---

---

---

---

---

---

---

---

5 %

3. Gerðu grein fyrir bragarhætti Völuspár, hvernig er hann ólíkur öðrum fornum bragháttum og hvað heitir hann?

---

---

---

---

---

---

---

---

2. Hvað merkja og hvernig koma þessi fyrirbæri fyrir í  
eddukvæðum og í hvaða eddukvæði? (nefndu tvö atriði)

a) Níðhöggur? \_\_\_\_\_

2 %

---

---

---

---

---

---

---

---

b) Hvergelmir? \_\_\_\_\_

2 %

---

---

---

---

---

---

---

---

c) Gimlé? \_\_\_\_\_

2 %

---

---

---

---

---

---

---

---

d) Ósvinnur? \_\_\_\_\_

2 %

---

---

---

---

---

---


---

---



III. *Brennu-Njáls saga*

12 %



1. Hvað er að gerast á þessum myndum (hvaða persónur eru þetta og hvað gerist, hvert eru þau að fara, hvaða afleiðingar hafði þessi atburður, hvar átti hann sér stað, hvaða frægu orð voru sögð í Njálu þegar þessi atburður átti sér stað og hvernig túlkar þú þau orð)?

## IV. Miðaldabókmenntir í víðu samhengi, lestu og skrifaðu um það

### Tabúin heilla mig

*Óttar Guðmundsson er að skrifa bók um geðraskanir Íslendingasögum. Egill Skallagrímsson kemur þar mjög við sögu og Óttar segir að dauði Gunnars á Hlíðarenda hafi í raun verið sjálfsmorð. Óttar ræðir um þunglyndi sem hann hefur upplifað sjálfur og segir frá því þegar hann reyndi tvívegis að fyrirfara sér. Hann segist í starfi sínu verða var við lífsstíls- og lúxusvandamál.*

Óttar Guðmundsson starfar sem geðlæknir á geðdeild Landspítalans, en áður starfaði hann meðal annars sem yfirlæknir á Vogu. Hann hefur skrifað nokkrar bækur og er þessa stundina með tvær bækur í smíðum. Önnur fjallar um sjálfsvíg en hin um geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir í Íslendingasögum. En áður en talið berst að bókaskrifum er Óttar spurður um andlegt ástand þjóðarinnar.

„Í starfi mínu verð ég var við ákveðið lífsstíls- og lúxus vandamál,“ segir hann. „Fólk er að láta hluti eyðileggja fyrir sér alla lífshamingju, hluti sem hægt væri að taka með aðeins meira æðruleysi. Fólk gerir þá kröfu til lífsins að alltaf eigi að ganga vel og ef það gerir það ekki þá finnst því það vera einhverjum að kenna. Nú ríkir ekki lengur gamalt æðruleysi kynslóðanna að takast á við vandamálin, gera sér grein fyrir því að lífið sé breytilegt og muni alltaf einkennast af áföllum og fólk deyi og hverfi úr lífi manns. Enginn hefur samið um eilífa æsku, góða heilsu, velgengi og líf án dauða. Nú er það orðið þannig að stundum þegar ástvinur deyr og aðstandandinn er í sorg segist hann ekki hafa fengið nægilega áfallahjálp eða réttu geðlyfin og þess vegna sé það einhverjum öðrum að kenna að honum líði ill.“

Það sem mér finnst heillandi við AA-samtökin er að þar tekur fólk því sem hefur gerst af æðruleysi, viðurkennir að það beri ábyrgð á því og reynir að leiðrétta það. Eitt af kjörorðum AA-samtakanna er: Eymd er valkostur. Oft er það val að vera nöldrari, það er val að láta sér líða illa og það er val að vera mjög neikvæður. Eymd er alltaf valkostur. En það er kannski ekki mjög vinsælt að halda þessu fr am á geðdeildum eða meðal geðlækna.“

### Reyndi að fyrirfara sér

Þú hefur skrifað um þunglyndi og dauðann. Af hverju hefurðu áhuga á dauðanum?

„Dauðinn er hluti af lífinu og lífið er yndislegt. Ég skrifaði bók um dauðann sem kom út árið 2000, sem hét Listin að lifa, listin að deyja. En dauðinn með allri sinni vissu og óvissu er á marga vegu heillandi fyrirbæri. Það er miður að dauðinn er orðinn eitt af tabúum nútímamannsins og margir neita að horfast í augu við eigin dauðleika.“

Dauðinn, þunglyndi og sjálfsvíg og kynlíf eru mál sem ég hef haft gríðarlegan áhuga á frá því ég var smástrákur. Tabúin hafa alltaf heillað mig. Í mörg ár hef ég einmitt verið skrifa bók um sjálfsmorð.“

### Afhverju kjósa sumir að deyja?

„Ástæðurnar eru jafnmargar og sjálfsvígin. En það er erfitt að svipta sig lífi, sem sýnir sig í því hversu margar alvörusjálfsmorðstilraunir misheppnast hrapplega. Í okkur öllum býr mikill lífsvilji. Hver einasta fruma í líkamanum virðist vera programmeruð til að lifa eins og sést í öllum lækningum. Jafnvel þótt fólk sé dauðvona af einhverjum sjúkdómi berst líkaminn við að lifa. Þegar einhver tekur ákvörðun um að fyrirfara sér verður hann að yfirvinna lífsvilja eigin líkama. Líkaminn vill alltaf lifa en það er hugurinn sem vill deyja. Þegar menn hafa ákveðið að deyja og farið upp í háhýsi til að að hoppa þá er stundum alveg sama hvað þeir eru ákveðnir, líkaminn vill ekki hoppa. Sama gerist hjá mörgum sem reyna að skera sig á púls. Líkaminn vill ekki þrátt fyrir ákvörðun hugans um hið gagnstæða.“

Það krefst mjög mikils viljastyrks að fyrirfara sér og þess vegna er áfengi hættulegt vegna þess að það ýtir fólki áfram og dregur úr hömlum. Stór hluti þeirra sem fyrirfer sér er undir áhrifum áfengis.

Besta sjálfsvígsforvörnin væri að fólk drykki minna, allavega að þeir sem eru í sjálfsmorðshættu drykkju alls ekki.“

### Er það fólk sem reynir að fyrirfara sér fegið eftir á að tilraunin hafi mistekist?

„Það skiptist í tvö horn. Sumir eru mjög fegnir og finnst að þeir hafi fengið nýtt líf. Aðrir eru mjög ósáttir við það að líkaminn skyldi ekki hlýða huganum. Slíkir einstaklingar endurtaka oft tilraunina og tekst þá stundum ætlunarverkið. Svo fer það líka eftir því hversu alvarleg tilraunin er hvernig viðbrögðin verða. Þeir sem gera alvarlegar tilraunir sem mistakast eru yfirleitt ósáttir við það að þeim hafi ekki tekist það sem þeir ætluðu sér.“

Oft er sagt að það að fyrirfara sér sé mjög sjálfselskur verknaður, en hann er það alls ekki. Þegar menn eru komnir á þá skoðun að þeir vilji deyja þá finnst þeim að þeir séu að gera þetta fyrir aðra. Viðkomandi vill ekki lifa lengur, hann er búinn að dæma sig úr leik og finnst hann vera svo ómögulegur og lítur svo á að hann sé að gera öðrum þann greiða að losa heiminn við sig. Þetta er hugarfar sem maður sér hjá mjög mörgum sem svipta sig lífi og sést í

bréfum sem þeir skrifa og skilja eftir sig. Þegar sjálfsmorðið mistekst kemur þessi sára tilfinning að hafa brugðist fólkinu sínu með því að lifa áfram. En þegar menn eru búnir að jafna sig á aðalþunglyndinu og orðnir glaðir aftur verða þeir yfirleitt ánægðir með að þeim hafi mistekist.

Sjálfsvíg eru karlasjúkdómur. Um 75 prósent þeirra sem fyrirfara sér eru karlar en þar af er til-tölulegulega lítill hópur ungra karlmannna á aldrinum 18-24 ára. Þetta er erfiðasti hópurinn að fast við af því þessir ungu karlmenn eru svo ófyrirsjáanlegir, eru mjög hvatvísir og eiga ekki alltaf sögu um þunglyndi. Þetta eru framkvæmdamenn sem taka ákvörðun og framkvæma hana. Þar er áfengi eins og eitur.“

**Hvað um sjálfan þig. Hefur þú einhvern tímann glatað lífsviljanum?**

„Þegar ég var átján ára ætlaði ég að fyrirfara mér og fór gangandi út að Grandavita. Þá gerðist það að hugurinn var tilbúinn en líkaminn neitaði að hoppa út í sjóinn, eins og ég vildi að hann gerði. Ég fór yfir rekkverkið, stóð þar og hélt mér í það og gerði ítrekaðar tilraunir til að sleppa og hoppa en hoppaði ekki. Mörgum árum síðar tók ég þá ákvörðun að loka mig inni á hótélherbergi þar sem ég ætlaði að klára dæmið en það mistókst. Það var mjög margt sem gerði það að verkum. Í dag er ég mjög feginn að það mistókst en ég var ekki glaður þá enda mjög þunglyndur. Það sem hefur hjálpað mér hvað mest er að ég er orðinn mjög trúaður með tímanum og hef lært að þakka Guði fyrir hvern dag og fyrst og fremst fyrir lífið sjálft með öllum sínum sigrum og ósigrum.“

**Geðraskaðar hetjur**

**Þú segist vera að skrifa bók um sjálfsvíg. Eru fleiri bækur á leiðinni?**

„Auk þess að skrifa bókina um sjálfsvígin er ég að skrifa bók um geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir í Íslendingasögum og styðst þar við sérþekkingu mína á geðsjúkdómum.“

**Eru margar hetjur haldnar geðröskunum?**

„Það er skemmtilegt að lesa Íslendingasögur með geðlæknaglerauginum. Mjög margar hetjur eru haldnar slæmum geðröskunum. Hallgerður langbrók er greinilega persónuleikaröskuð og það er Gunnar á Hlíðarenda einnig. Eiginlega má segja að endalok Gunnars séu sjálfsmorð. Hann gengur mjög meðvitað inn í dauðann þegar hann snýr aftur. Ég held að Gunnar hafi verið mjög þunglyndur þegar hann tók þá ákvörðun. Hallgerður hefur hafnað honum, hann er dæmdur til utanfarar, harm er fullur vonleysis og ákveður að svipta sig lífi. En þótt hugurinn vilji deyja hlýðir líkaminn ekki, þannig að hann verður að setja líkamann í orrustu. Hann drepur sig með vopnum andstæðinga sinna. Sama gerir reyndar Kjartan Ólafsson og fleiri hetjur sem eru yfirkomnar af þunglyndi og vanmetakennd og ganga beint í opinn dauðann.“

**Hver er flóknasti persónuleikinn sem þú hefur rekist á í Íslendingasögum?**

„Egill Skallagrímsson er langflóknastur og með flestar geðgreiningar, fjórar til fimm. Hann er siðblindur með mótþróaþrjúskuröskun sem barn, sennilega er hann alkóhólisti og hann er með geðhvarfasýki, verður bæði mjög ör og mjög þunglyndur. Hann gerir eina sjálfsmorðstilraun, dramatíska og kjánalega, sem varla er hægt að taka mark á. Ég held að það hafi verið tilraun til að fá athygli því hann er mikil dramadrottning. Hann er mjög persónuleikaraskaður, kaplega nískur og smámunasamur. Ég held að hann hafi verið afar leiðinlegur maður. Hann er ömurlegur faðir sem gerir upp á milli barnanna sinna og slæmur eiginmaður sem er aldrei heima. Svo er hann morðóður. Það sýnir ákveðna bilun í þjóðinni að telja sér það til hróss að vera komin af Agli Skalla-Grímssyni. Mér finnst það ekki nokkrum manni til sóma.“

**Er einhver persona Íslendingasagna sem hefur miklar veilur og þú hefur samúð með?**

„Hallgerður langbrók er uppáhaldspersónan mín. Hún er mjög persónuleikaröskuð en á alls ekki skilið það ilia umtal sem hún hefur fengið hjá þjóðinni. Hún kallar á samúð mína. Mér finnst Gunnar miklu leiðinlegri persóna, sjálfselskur og hégómlegur maður sem hefur af einhverjum ástæðum nánast verið tekinn í guðatölu hjá þjóðinni.“

Þessi bók mín er mjög fjarri allri rétthugsun um Íslendingasögurnar. Samkvæmt rétthugsun er Hallgerður langbrók kvendjöfull og þau Njáll og Bergþóra sómahjón sem maður á að lítaupp til. En mér finnst Hallgerður ekki vera kvendjöfull heldur óhamingjusöm ung kona, óheppin í ástum og hafnað af föður sínum. Það var Gunnar sem sveik hana en ekki öfugt. Ég held að Njáll og Bergþóra hafi lifað í vondu hjónabandi, þar sem hann hafi farið sínar leiðir og hún hafi verið þreytandi og húmorslaust kvenskass. Svo er Skarphéðinn sem er hinn skilgreindi andlegi leiðtogi æskunnar á Suðurlandi. Að mínu viti var hann með geðklofapersónuleikaröskun og hið mesta fól. Í nútímanum hefði hann meira og minna setið glottandi í fangelsum eða á öðrum stofnunum.“

**Það verða varla allir ánægðir með þessar skilgreiningar þínar á fornum hetjum.**

„Ég hef stundum farið gegn þessari pólitísku rétthugsun, eins og í áfengisbókinni sem ég skrifaði fyrir mörum árum þar sem var heill kafli um dauða Jónasar Hallgrímssonar. Þar sagði ég að hann hefði dáið frávíta af

alkóhólisma með delérium tremens og mikla lifrarástækkun. Þetta var ekki samkvæmt pólitískri rétt hugsun þjóðarinnar og mjög óvinsælt enda stakk þetta í stúf við hefðbundna lygasögu Fjölhismanna um dauða skáldsins.“

## Ábyrgð tekin af fólki

Þú talar um pólitíska rétt hugsun. Vottar einhvers staðar fyrir henni í geðlæknisfræðinni?

„Geðlæknisfræðin hefur þanist út og er farin að fást við vandamál sem áður voru ekki talin tilheyrja heilbrigðissviði. Ef Þórður Sveinsson og Helgi Tomasson, sem voru fyrstu yfirlæknarnir á Kleppi, kæmu á göngudeild geðdeildar í dag myndu þeir ganga þaðan út fussandi og sveiandi og segja: Þetta fólk á ekkert erindi hér inn. Þetta fólk á að leysa sín vandamál annars staðar, hjá prestinum sínum, góðum vinum eða tala við foreldra sína. Þeir yrðu yfir sig hneykslaðir á því sem við köllum veikindi í dag. Við erum að sjúkdómsgera svo margt sem ekki er þörf að sjúkdómsgera.“

Í of miklum mæli er verið að taka ábyrgð á eigin lífi af fólki. Ég hef verið að fá til min unglunga sem foreldrarnir segja að geti ekki lært og séu örugglega með athyglisbrest og þurfi að fá rítalín. Svo spyr ég unglunginn hvað sé að. Unglingurinn segir: Ég sit við skrifborðið og er að reyna að læra óreglulegar þýskar sagnir og það gengur bara alls ekki. Ég er reyndar með facebook opna, MSN opið, er með símann á og er að horfa sjónvarpið og fylgjast með á youtube. Unglingurinn vill ekki slökkva á þessu dóti og þá er honum gefið rítalín svo hann geti einbeint sér að þýsku sögunum meðan allt þetta áreiti er í gangi. Þetta finnst mér vera rugl. Ég held að mannsheilinn sé ekki hannaður fyrir allt þetta áreiti. Í leiðbeiningabæklingnum með mannsheilanum stendur örugglega að það sé ekki hægt að læra óreglulegar þýskar sagnir með öll þessi tæki í gangi.“

Morgunblaðið/(Kristinn)

24. apríl 2011

Viðtal Kolbrún Bergþórsdóttur

kolbrun@mbl.is

## Ritun {valspurning} (15 %).

Þú getur valið eitt af eftirfarandi verkefnum:

Reyndu að skipuleggja þín skrif í samræmi við matsþætti:

Umfjöllunarefni: **Skrifaðu um Njálu og það sem greinin fjallaði?**

Eða

**Skrifaðu um miðaldabókmenntir almennt og tengdu við greinina**

Matsþættir eru eftirfarandi:

ATHUGAÐU: Hér þarftu að skrifa að minnsta kosti 150 orð !!!

Efnisyfning, almennt orðuð í upphafi	1 stig
Bygging efnisgreina	3 stig
Skipulag meginmáls, röksemdir, <u>dæmi</u> til rökstuðnings	6 stig
Er skýr niðurstaða í lokin?	2 stig
Málfar og stafsetning	3 stig



